



Ritrynd grein birt 31. desember 2010

Unnur Dís Skaptadóttir og Helga Ólafsdóttir

Komið til móts við fjölbreytileika Fullorðinsfræðsla fyrir innflytjendur og samþætting

Í greininni er fjallað um fullorðinsfræðslu fyrir innflytjendur og hlutverk hennar í aðlögun innflytjenda að íslensku samfélagi. Sjónum er sérstaklega beint að samþættingarferlum og hvaða hlutverki fræðsla gegnir í því að veita fólki aðild og auðvelda þátttöku þess í samfélaginu. Samþætting lýsir tvíhliða ferli þar sem bæði innflytjendur og móttökuland taka þátt í aðlögunarferlinu. Í greininni er skoðað hvernig fræðsla fyrir fullorðna innflytjendur getur gagnast í þeirri samræðu og þeim samskiptum sem í samþættingu felst. Markmið umfjöllunar okkar er að sýna hvernig mótun fjölmenningslegs samfélags með samþættingu á sér stað á Íslandi. Til að varpa ljósi á þá mótun beinum við sjónum okkar að sviði fullorðinsfræðslu. Fjallað er um stefnu stjórnvalda í fræðslu innflytjenda, markmið og framkvæmd hennar. Hverskonar námskeið eru í boði og hvað ræður framboðinu? Hverjar eru væntingar og reynsla námskeiðshaldara og þátttakenda á námskeiðum til námsframboðs og námskeiða? Hvaða straua má greina í stefnu stjórnvalda, framboði námskeiða og framkvæmd þeirra varðandi samþættingu og mögulega aðild innflytjenda að samfélaginu sem virkir þátttakendur?

Unnur Dís Skaptadóttir er prófessor í mannfræði við Háskóla Íslands og Helga Ólafsdóttir er meistaranemi í mannfræði við Háskóla Íslands.

Embracing diversity: Adult education and integration

This article deals with the role of education for adult immigrants in their adaptation to Icelandic society. The main focus is on integration and the role of courses in enhancing immigrants' access to the society and their chances of participation in daily life. Adult education for immigrants is an important part of the integration process as it is an important aspect for the development of future possibilities of people's participation and coexistence. The aim of this article is to examine how, in the case of Iceland, a multicultural society is constructed, by taking a look at one important aspect the field of adult education. We examine the state policies regarding education for immigrants and their goals and how they are put into practice. What types of courses are available and what governs which courses are taught? What are the expectations of organizers, teachers and participants towards these courses?

Unnur Dís Skaptadóttir is a professor in anthropology at the University of Iceland and Helga Ólafsdóttir is a graduate student in anthropology at the University of Iceland.

Inngangur

Íslenskt samfélag, sem var frekar einsleitt fram að níunda áratug síðusta aldar, hefur öðlast meiri fjölbreytileika í kjölfar aukinna fólksflutninga til landsins undanfarna áratugi. Síðan um aldamótin síðustu hefur innflytjendum fjölgað hratt vegna mikils vinnuframboðs hér á landi á tímum efnahagsþenslu. Því hefur verið algengt að líta svo á að fólk hafi flust hingað sem tímabundið vinnuafli og að það muni snúa til baka þegar störfum þess lýkur eða vinnuframboð minnar. Margir hafa snúið aftur til upprunalands eða annað, aðrir eru óákveðnir um framtíð sína og enn aðrir hafa sest hér að. Að flytja til nýs lands er flókið og margþætt ferli og fólk flytur af ólíkum ástæðum. Með auknum fjölda innflytjenda á Íslandi hefur vaknað umræða um aðlögun þessara nýju íbúa landsins og vangaveltur um fjölmennningarlegt samfélag. Stjórnvöld, stofnanir og samfélagið í heild hefur brugðist við þessum breytingum á ýmsan máta.

Fræðimenn hafa bent á mikilvægi fræðslu og menntunar í aðlögunarferlum innflytjenda. Á Íslandi hefur töluvert verið fjallað um börn af erlendum uppruna og stöðu þeirra í skóla-kerfinu (Birna Arnbjörnsdóttir, 2009; Hanna Ragnarsdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir, 2010). Fræðsla fyrir fullorðna innflytjendur hefur minna verið rannsökuð þótt mikil áhersla sé á kunnáttu þeirra í íslenski tungu í almennri umræðu. Í þessari grein er fjallað um fræðslu fyrir fullorðna innflytjendur og hlutverk hennar í samþættingarferlinu. Mikil áhersla er á íslenskukennslu í fræðslu fyrir fullorðna innflytjendur hér á landi og eru flest þau námskeið sem í boði eru íslenskunámskeið, þótt fleira sem tengist íslensku samfélagi fljóti oft með. Þess vegna eru íslenskunámskeið mest til umfjöllunar í þessari grein. Við viljum þó fjalla um fræðslu fyrir fullorðna innflytjendur í víðara samhengi þar sem niðurstöður rannsókna okkar sýna að samfélagsfræðsla og starfsþjálfun eru ekki síður mikilvægar fyrir mögulega aðild innflytjenda og virka þátttöku þeirra í samfélaginu. Sjónum er sérstaklega beint að hugmyndum um samþættingu (e. *integration*) og hvaða hlutverki námskeið gegna í því að veita fólki aðild og auðvelda þátttöku þess í samfélaginu. Hvernig geta námskeið gagnast sem liður í samþættingu? Fyrst eru fræðilegar nálganir á hugtökum líkt og samþætting og fjölmennning kynntar. Síðan er fjallað um aukna fólksflutninga til Íslands og stefnu stjórnvalda í fræðslu innflytjenda, markmið og framkvæmd hennar. Umhverfi og framboð námskeiða er skoðað og við spyrjum m.a. hvort það sé stefna stjórnvalda, þörf vinnuamarkaðarins eða þörf innflytjenda sem ræður því hvernig þeim er háttað. Að lokum vörpum við ljósi á ólíka upplifun og reynslu fólks af því að skipuleggja, kenna og sækja námskeið. Fræðsla fyrir innflytjendur er liður í mótun sambúðar, tengsla og samskipta til framtíðar og því er mikilvægt að skoða framkvæmd hennar í íslensku samfélagi. Þar er mikilvægur vettvangur beinnar aðstoðar og hvatningar til þeirra sem sækjast eftir aðgengi að samfélaginu.

Umfjöllunin hér byggir á gögnum úr rannsóknum Unnar Dísar Skaptadóttur: *Mótun margbreytileikans á tímum hnattvæðingar* (2003–2006) og *Filippseyingar á Íslandi* (2008–2012) sem er enn í vinnslu og MA-rannsókn Helgu Ólafsdóttur: *Fullorðinsfræðsla innflytjenda* (2010–2011) sem lýkur vorið 2011. Etnógrafískum aðferðum mannfræðinnar var beitt í þessum rannsóknum og þá helst beinum og óbeinum viðtölum, þátttökuathugunum og greiningu gagna frá stjórnvöldum og fræðsluaðilum. Markmið umfjöllunar okkar er að varpa ljósi á samþættingarferli á Íslandi með því að skoða stefnumótun stjórnvalda og markmið þeirra sem halda námskeið og bera saman við margbreytilega sýn þátttakenda í rannsóknum okkar.

Samþætting

Umræða um innflytjendur og fjölmenningu hefur verið nokkuð áberandi í Evrópu í byrjun 21. aldar. Í ýmsum löndum Evrópu hefur á síðustu árum komið fram gagnrýni á fjölmennningarlegt samfélag og umburðarlyndi gagnvart innflytjendum, sérstaklega múslimum

(Borevi, 2010; Creuz-Kämpfi, 2008; Ewing, 2008; Fekete, 2006). Sumir stjórnámamenn tala um fjölmennarlegt samfélag og viðurkenningu á ólíkum menningararfi sem vandamál og segja það draga úr einingu innan þjóðríkisins (Grillo, 2007). Raddir þess efnis að fjölbreytileikinn sé of mikill eða að viss einkenni eða vissir hópar rúmist ekki innan fjölbreytileikans hafa orðið sífellt háværari. Í október 2010 sagði Angela Merkel, kanslari Þýskalands, að fjölmenningsstefnan í Þýskalandi hefði mistekist. Hún sagði þessu til stuðnings að innflytjendur hefðu ekki aðlagast, að Þjóðverjar hefðu fallið í þá gryfju að halda að innflytjendur myndu snúa aftur heim en nú væri ljóst að svo yrði líklega ekki („Angela Merkel“, 2010). Stór hluti þess fólks sem hún var að vísa til flutti þangað fyrir næstum hálfri öld og hefur því búið lengi í Þýskalandi og fest þar rætur. Á þeim tíma þótti sérstök móttaka innflytjenda óþörf í mörgum Evrópuríkjum þar sem þeir voru einungis álitnir tímabundið vinnuafli: ‘gestaverkamenn’. Bent hefur verið á að hugmyndin um gestaverkamenn hafi ekki verið gagnleg heldur þvert á móti orðið til þess að hóparnir einangruðust vegna takmarkaðrar aðildar að samfélaginu (Kvisto og Faist, 2010). Kvisto og Faist (2010) segja hugtakið gestaverkamenn fela í sér útilokun þar sem þeir sem flokkaðir eru í þann hóp séu í raun einungis velkomnir í landið vegna starfskrafta sinna en vera þeirra í landinu að öðru leyti sé ekki metin og jafnvel talin óæskileg. Hluta óánægju vegna innflytjenda í Evrópu má því rekja til þess hvernig tekið var á móti verkafólki sem flutti á árunum í kringum 1960 og þess að enn er lítið á stóra hópa innflytjenda sem gestaverkamenn (Birna Arnbjörnsdóttir, 2007). Þrátt fyrir ólíkar stefnur í aðlögun innflytjenda í Evrópu má almennt greina stefnubreytingu frá áherslu á fjölmenningu og samþættingu til meiri krafna til innflytjenda um að þeir samlagist (e. *assimilate*). Um leið er lögð aukin áhersla á sameiginlega sjálfsmynd þjóðarinnar og viðhald einkenna hennar (Borevi, 2010; Joppke, 2007). Þessa stefnubreytingu má til dæmis greina í aukinni áherslu á skyldur innflytjenda til þess að laga sig að nýjum háttum um leið og minni áhersla virðist lögð á að tryggja réttindi þeirra og koma til móts við þá á annan hátt (Borevi, 2010). Áður var það ríkjandi sýn að örugg lagaleg staða myndi auka líkindi á samþættingu en nú benda breytingar í stefnum í innflytjendamálum til þess að skortur á samþættingu sé talinn grundvöllur ákvarðana um að neita fólki um réttindi (Borevi, 2010; Joppke, 2007).

Hugmyndir um samþættingu komu fram í tengslum við baráttu minnihlutahópa á áttunda áratug síðustu aldar sem gagnrýni á fyrri hugmyndir um einsleita menningu þjóðríkja (Castles, 2002; Unnur Dís Skaptadóttir, 2008; Unnur Dís Skaptadóttir og Kristín Loftsdóttir, 2009). Þessar hugmyndir um samþættingu fela í sér ákveðið umburðarlyndi gagnvart margbreytileika innan þjóðríkis. Castles (2002) segir að með hugtakinu samþætting sé reynt að ná utan um breytingar sem eiga sér stað við gagnkvæma aðlögun innflytjenda og móttökuríkis þar sem uppruni og fjölbreytileiki fólks er viðurkenndur. Samþætting felur í sér framlag allra, innflytjenda og samfélagsins í heild, til þess að samþætta hagsmuni, réttindi og daglegt líf íbúa landsins (Castles, 2002; Joppke, 2007).

Í dag er deilt um það í Evrópu hversu langt skuli ganga í að samþykkja fjölbreytileika innan þjóðríkja. Hvað telst auðga samfélagið og hvað telst of framandi? Hvaða siði er ásættanlegt að innflytjendur haldi í heiðri og hvaða siðir eru óásættanlegir? Á sama tíma og sumir kvarta yfir matarvenjum útlendinga (vegna lyktar eða annars) fagna aðrir fjölbreytileika í veitingaflórinni (Gross, McMurray og Swedenburg, 2004). Sum einkenni tengd trúarbrögðum eða uppruna eru sögð ósamþætthanleg samfélagi eða menningu þjóðríkisins á sama tíma og haldnar eru sýningar þar sem „framandi“ menning er borin á borð undir merkjum hámenningar. Í dag má sjá þetta skýrast í umræðunni um múslima í Evrópu. Fræðimenn telja að slík sýn geti leitt til aðskilnaðar og útilokunar þar sem fólk með ólíkan menningarlegan bakgrunn lifi samhliða en ekki saman í samfélagi (Baumann, 1999; Fortier, 2007). Rannsóknir sýna að tengsl innflytjenda við þá menningu sem þeir hafa alist upp við eru ekki síður mikilvæg fyrir farsælt líf þeirra í nýju landi en tengsl og þátttaka í samfélagi nýja landsins (Unnur Dís Skaptadóttir, 2010; Vermeulen, 2010).

Eriksen (2007) bendir jafnframt á mikilvægi þess að fræðimenn skoði hvers konar útilokun tíðkist í samfélaginu og hver séu skilyrðin fyrir því að fá aðild. Athyglin beinist þá bæði að atbeina innflytjendanna og þeim takmörkum sem þeim eru sett vegna þátta eins og laga, reglugerða, verkaskiptingar á vinnumarkaði og ríkjandi viðhorfa. Til þess að skoða gagnkvæmni samþættingar er því mikilvægt að skoða hvernig samfélagið og stofnanir þess mæta þörfum innflytjenda. Meðal annars má í því ljósi skoða hvernig stofnunum samfélagsins tekst að koma til móts við fólk með upplýsingum og námskeiðum. Tungumálakunnátta og þekking á stofnunum samfélagsins er yfirleitt talin lykillinn að samþættingu (Ager og Strang, 2010) og því eru námskeið áhugaverður vettvangur til þess að skoða samþættingu í samfélaginu. Hver er stefna íslenskra stjórnvalda varðandi fræðslu fyrir innflytjendur? Er boðið upp á námskeið sem auðvelda innflytjendum þátttöku og veita þeim aðgang að samfélaginu? Er innflytjendum tryggður réttur til fræðslu? Einnig má spyrja hvort þeir eigi kost á að nýta það sem þeir læra á námskeiðum.

Eins og áður hefur komið fram þurfa innflytjendur víða að sýna fram á ákveðna aðlögun eða þekkingu til þess að öðlast réttindi (Joppke, 2007). Á Norðurlöndunum er boðið upp á kynningarnámskeið fyrir nýja íbúa þeim að kostnaðarlausu. Námskeiðin eru ólík en þar er samfélag og tungumál kynnt nýjum íbúum (Borevi, 2010). Námskeiðin eru mislöng og ýmist valfrjáls, æskileg eða skylda. Á Íslandi er skylda að sækja 150 tíma í íslensku til þess að öðlast búseturétt og ríkisborgararíkja utan Evrópusambandsins þurfa að standast íslenskupróf til þess að geta fengið íslenskan ríkisborgararétt (Íris Björg Kristjánsdóttir, 2010). Boveri (2010) segir skyldunámskeið og próf vera merki um breyttar hugmyndir um áherslur í innflytjendamálum, áður hafi verið litið svo á að trygg réttindi hafi stuðlað að aðlögun en nú sé litið svo á að skortur á aðlögun sé gild ástæða til þess að neita um aðgang og réttindi. Ábyrgð ríkisins til að standa að námskeiðum er mismikil á Norðurlöndunum en réttur innflytjenda til fræðslu er tryggður. Sá réttur er ekki sjálfsgöður í öllum Evrópuríkjum, til dæmis tekur hollenska ríkið engan þátt í skipulagi eða fjármögnun námskeiða, þrátt fyrir að þar þurfi innflytjendur að standast erfið próf, jafnvel áður en flutt er til landsins í sumum tilvikum (Joppke, 2007). Á Íslandi er farið einhvers konar milliveg. Boðið er upp á námskeið sem fjármögnuð eru með styrkjum frá ríkinu en skipulag og framboð námskeiða er ómarkvisst. Á þann hátt er réttur innflytjenda til fræðslu ekki fyllilega tryggður þar sem framboð er oft tilviljanakennt. Í samanburði við önnur Norðurlönd hefur lítil áhersla verið á túlkun og þýðingar á upplýsingum frá opinberum aðilum og bein aðkoma ríkisins að námskeiðshaldi ekki verið mikil (Kristín Erla Harðardóttir Kristín Loftsdóttir og Unnur Dís Skaptadóttir, 2007). Einnig er gagnlegt að spyrja hvort mikilvægir liðir í samþættingarferlinu eins og námskeið eru hugsaðir út frá einstaklingunum sem flytjast til landsins, hugmyndum um samheldni þjóðar, eða út frá þörfum vinnumarkaðarins.

Vettvangsrannsóknir

Í þeim rannsóknum sem hér er fjallað um er notast við etnógrafískar rannsóknaraðferðir mannfræðinnar til að ná fram heildrænni sýn á viðfangsefnið. Eitt helsta einkenni slíkra aðferða er að rannsakandi tekur þátt í lífi fólks, eftir því sem við á og tækifæri eru til. Hann hlustar og tekur misformleg viðtöl og safnar auk þess rituðum heimildum og öðrum gögnum sem gefa heildaræna mynd af viðfangsefni rannsóknarinnar (Hammersley og Atkinson, 2005). Í greiningu á gögnunum er merking og hlutverk athafna fólks og stofnana túlkuð og sett í samhengi.

Þannig er algengt að etnógrafískar aðferðir byggist á samblandi af ólíkum aðferðum. Rannsóknirnar sem hér er fjallað um byggjast á þátttökuathugunum, stefnugreiningu, formlegum og óformlegum viðtölum og greiningu á ýmsum upplýsingum í bæklingum og á Internetinu. Í rannsóknum okkar var lagt upp með að skoða á heildrænan hátt samþættingarferli í tengslum við þátttöku og aðild fullorðinna innflytjenda á Íslandi. Í rannsóknum Unnar Dísar Skaptadóttur komu námskeið og sérstaklega íslenskunám fram sem mikil-

væg þemu í greiningu og í rannsókn Helgu Ólafsdóttur er sjónum sérstaklega beint að samþættingarferlum og fræðsla fullorðinna innflytjenda meginvettvangurinn. Rannsóknirnar voru unnar frá árinu 2002 til dagsins í dag og eru rannsóknirnar *Filippseyingar á Íslandi* og *Fullorðinsfræðsla innflytjenda* ennþá í vinnslu. Nákvæman fjöldi viðmælenda er erfitt að tiltaka þar sem viðtölin eru ýmist formleg, hálf óformlegt spjall við einstaklinga og hópa eða algjörlega óformleg samtöl sem komu upp í þáttökuathugun. Formleg viðtöl voru tekin við 19 aðstandendur námskeiða og kennara á höfuðborgarsvæðinu og úti á landi og við samanlagt um 63 innflytjendur sem sótt hafa námskeið eða þá sem sátu námskeið eða aðra viðburði sem rannsakandi tók þátt í. Til að gæta trúnaðar gerum við í þessari grein ekki greinarmun á því úr hvaða rannsókn tiltekin viðtöl koma sem vísað er í og nefnum aðeins í einstaka tilfellum ákveðin námskeið eða skóla. Þegar almennt er talað um viðhorf námskeiðshaldara, kennara og innflytjenda eru það niðurstöður allra verkefna sem byggt er á nema annað sé tekið fram sérstaklega.

Stefna stjórnvalda á tímum aukinna fólksflutninga til Íslands

Undanfarna tvo áratugi hafa margir flust til Íslands vegna mikils atvinnuframboðs. Í byrjun tíunda áratugar tuttugustu aldarinnar fór að skorta fólk til starfa í fiskvinnslu en síðar í þjónustu og framleiðslugreinum. Eftir aldamótin var fólk erlendis frá einnig í auknum mæli ráðið til starfa í mannvirkjagerð. Stór hluti þeirra sem fluttust til Íslands í upphafi þessa tímabils kom með tímabundið atvinnuleyfi. Mikil vinna stóð til boða og auðvelt var að fá maka og aðra nána ættingja til Íslands (Unnur Dís Skaptadóttir og Wojtynska, 2008; Unnur Dís Skaptadóttir, 2010). Innflytjendur, skilgreindir sem fólk fætt erlendis með báða foreldra fædda erlendis, voru 2,1% landsmanna árið 1996 en voru orðnir 8,1% landsmanna árið 2008. Þeim fjölgaði því mjög hratt. Stór hluti þeirra hefur aðeins verið á Íslandi í mjög skamman tíma þar sem flestir þeirra komu á síðustu fimm árum. Í janúar 2010 voru innflytjendur 8,2% íbúa landsins og hafði þá fækkað frá árinu 2009 þegar þeir voru 9% landsmanna (Hagstofa Íslands 2010). Eftir maí 2006 fékk fólk frá átta nýjum aðildarríkjum sama rétt á vinnumarkaði og aðrir frá Evrópusambandinu og Evrópska efnahagssvæðinu, en fyrir þann tíma þurftu þeir að sækja um atvinnuleyfi áður en þeir komu til landsins og endurnýja það árlega. Síðan þá hefur verið mjög erfitt fyrir fólk utan Evrópu að fá atvinnuleyfi á Íslandi þar sem fólk frá Evrópu hefur forgang (Íris Björg Kristjánsdóttir, 2010; Unnur Dís Skaptadóttir, 2010). Stór hluti þeirra sem flust hafa til Íslands hefur litnið á dvöl sína sem leið til að bæta kjör sín og ættingja sem eftir verða í upprunalandinu. Margir þeirra hafa snúið til baka en aðrir hafa af ýmsum ástæðum ákveðið að framlengja dvöl sína á Íslandi og setjast hér að (Unnur Dís Skaptadóttir, 2004; Unnur Dís Skaptadóttir og Wojtynska, 2008). Þeir sem hafa komið til að sameinast fjölskyldum sínum hafa yfirleitt í hyggju að setjast að á Íslandi. Algengt er að fólk hafi verið að vinna að miklu leyti með öðrum útlendingum eða jafnvel fólki frá sama landi. Margir hafa því haft fá tækifæri til að kynna Íslendingum eða fá aðgang að íslensku málsamfélagi. Þeir fáu sem hafa átt kost á að starfa við umönnun og þjónustu eða með Íslendingum hafa þó aðra reynslu.

Undanfarinn áratug hafa ýmis sveitarfélög á landinu unnið að stefnumótun í málefnum innflytjenda. Reykjavíkurborg samþykkti til dæmis fjölmenningsstefnu sína í janúar 2001 (Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar, 2009). Það var ekki fyrr en árið 2007 sem ríkisstjórn setti fram stefnu í aðlögun innflytjenda. Í henni er tilgangur stefnunnar sagður vera: „að tryggja sem best að allir njóti jafna tækifæra og verði virkir þátttakendur í samfélaginu á sem flestum sviðum mannlífs“ (Félagsmálaráðuneytið, 2007, bls. 2). Þar er lögð áhersla á að „innflytjendur fái greinargóðar upplýsingar um íslenskt samfélag og réttindi og skyldur borgara í landinu“ (Félagsmálaráðuneytið, 2007, bls. 2). Í þingsályktun um framkvæmd stefnunnar kemur fram vilji til þess að hvetja til og stuðla að aðlögun með samþættingu, þótt það hugtak sé ekki notað heldur talað um gagnkvæma aðlögun:

„Íslenskt samfélag hefur alla möguleika til að vera í fararbroddi hvað varðar farsæla og gagnkvæma aðlögun þeirra sem eru í landinu og nýrra íbúa af erlendum uppruna“ (Þingskjal 1226-535, bls. 7). Lögð er áhersla á þátttöku allra í aðlögunarferli þar sem réttur allra sé virtur: „Það er markmið okkar að allir sem hér búa hafi jafna möguleika til að taka þátt í samfélaginu, njóti gæða þess og réttindaverndar og leggi sitt af mörkum til þess. Til þess að svo megi verða þurfa stjórnvöld, stofnanir, atvinnulíf, sveitarfélög, menningarstofnanir, félagasamtök, landsmenn og innflytjendur sjálfir að taka höndum saman“ (Þingskjal 1226-535, bls. 7). Í þessum orðum má greina skilning á mörgum hliðum aðlögunarferla og mikilvægi þess að allir taki þátt.

Í stefnunni er mikil áhersla lögð á íslenskt mál og er kunnátta í íslenskri tungu sögð vera „lykillinn að íslensku samfélagi“ og að hún geti „ráðið úrslitum um aðlögun innflytjenda að íslensku samfélagi“ (Félagsmálaráðuneyti, 2007, bls. 2). Þar segir að fullorðnir innflytjendur á vinnumarkaði og utan hans eigi að eiga kost á góðri íslenskukennslu og að í henni eigi að felast samfélagsfræðsla. Tryggja eigi framboð á námsefni sem hæfi námskrá og gæðamat og eftirlit eigi að hafa með íslenskukennslu (það eftirlit á að vera í höndum Menntamálaráðuneytis). Áætlað er að byggja upp 200 tíma nám sem mæti þörfum innflytjenda óháð bakgrunni og auka framboð af vel menntuðum kennurum sem hafi lært að kenna íslensku sem annað tungumál. Einnig segir að veita eigi styrki til fræðsluaðila og fyrirtækja sem uppfylla þau formskilyrði sem Menntamálaráðuneytið setur. Námskeiðskostnaði á að halda í lágmarki (Félagsmálaráðuneytið, 2007). Samkvæmt þessari stefnu og framkvæmdaáætlun hennar er vilji hjá stjórnvöldum til þess að stuðla að samþættingu með því að tryggja innflytjendum góða fræðslu.

Námskeiðin

Íslenskukennsla og önnur fræðsla fyrir innflytjendur er byggð á styrkveitingum og er það stefna stjórnvalda að halda áfram því fyrirkomulagi (Félagsmálaráðuneyti, 2007 og Menntamálaráðuneyti, 2009 b). Það fyrirkomulag veldur því að enginn einn aðili sér um að halda utan um íslenskukennslu eða aðra fræðslu fyrir innflytjendur og óljóst er hver er ábyrgur fyrir því að námskeið við hæfi séu í boði. Þar sem styrkir eru veittir til stuttra verkefna í senn er framtíðarsýnin einnig óljós. Með styrkjunum er kostnaður við námskeiðshald niðurgreiddur að hluta og auk þess geta margir nemendur sótt styrki til stéttarfélaga til að koma til móts við námskeiðsgjöld. Fjárveitingar til fræðslu fyrir innflytjendur koma úr ýmsum áttum innan stjórnkerfisins og er samvinna um þær ekki sýnileg. Fyrst ber að nefna styrki sem Menntamálaráðuneytið veitir til þess að halda námskeið í íslensku (Menntamálaráðuneyti, e. d.). Í reglum um úthlutun styrkja til íslenskukennslu haustið 2009 kemur fram að markmiðið með styrkjunum sé að „gefa öllum sem búsettir eru hér á landi og skráðir eru með lögheimili í Þjóðskrá, færi á að öðlast þá færni í íslensku að þeir geti orðið virkir samfélagsþegnar á Íslandi“ (Menntamálaráðuneytið, 2009a). Félags- og tryggingamálaráðuneytið hefur einnig veitt styrki til námskeiða og fræðslu fyrir innflytjendur bæði úr Þróunarsjóði innflytjendamála, Starfsmenntasjóði og í gegnum Vinnuástofofnun og námskeiðshaldarar sem rætt var við í rannsóknunum okkar hafa margir hverjir getað sótt fjármagn eða aðra aðstoð (til dæmis húsnæði) til sveitarfélaga. Starfsmenntasjóðir hafa einnig veitt fé til íslenskukennslu fyrir innflytjendur. Auk þessara styrkja hafa sumir námskeiðshaldarar sótt styrki til Evrópu og Norðurlandanna. Fjármagn kemur því víða að og frumkvæði námskeiðshaldara til þess að skipuleggja námskeið og útvega styrki er grundvöllur þess að fræðsla standi til boða. Margir sýna frumkvæði í því að búa til verkefni og sækja um styrki og því er framboð af námskeiðum og fræðslu fyrir innflytjendur á Íslandi mikið.

Fjölmarginir aðilar, úr ólíkum áttum, standa að fræðslunni með opnum námskeiðum, á vegum vinnustaða og á vegum hins opinbera. Þar má nefna símenntunar- og starfsmenntunarmiðstöðvar og stofnanir um allt land, sem og námsflokka, kvöldskóla og tóm-

stundaskóla. Félagasamtök á borð við *Jafnréttishús*, *Félag kvenna af erlendum uppruna* og *Múltí kúltí* standa að ýmiss konar námskeiðum. Einnig má nefna tungumálaskóla líkt og *Mími*, *Retor*, *Margvís* og skóla á Internetinu. Einstaklingar standa einnig fyrir námskeiðum fyrir innflytjendur og vinnuveitendur þeirra. Fjöldi námskeiðshaldara og það að fræðslunni er ekki miðstýrt veldur því að sá sem vill kynna sér það sem er í boði þarf að leita víða. Samkvæmt framkvæmdaáætlun á *Fjölmenningsarsetur* að veita upplýsingar um námskeið í boði og er bestar upplýsingar að fá á heimasíðu þeirra. Þar er listi yfir 25 fræðsluaðila sem bjóða upp á námskeið í íslensku (*Fjölmenningsarsetur*, e. d.). Listinn er þó alls ekki tæmandi yfir alla þá fræðsluaðila sem bjóða upp á námskeið fyrir innflytjendur, enda eru tíðar breytingar í þeim efnum. Þrátt fyrir mikinn fjölda námskeiða er takmarkað framboð af námskeiðum í smærri byggðarlögum og því hafa sumir íbúar þessara staða þurft að endurtaka sömu námskeiðin til þess að ná tilskildum tímafjölda.

Frá því að stefna stjórnvalda um aðlögun innflytjenda frá árinu 2007 var mörkuð hefur margt breyst í þjóðfélaginu vegna bankahrunsins. Þörf á námskeiðum er enn til staðar en forsendurnar hafa breyst. Ekki þótti nauðsynlegt að bjóða innflytjendum upp á ókeypis fræðslu við komu til landsins þegar efnahagsþensla var í landinu og nú virðist vera enn minni vilji til þess. Erfiðara er um vik fyrir marga vinnuveitendur að veita starfsfólki tækifæri til að sækja námskeið og einnig hefur komið fram í nýlegum viðtölum okkar að margir innflytjendur sjái sér síður fært að greiða námskeiðsgjald sem nú hefur hækkað töluvert. Skipuleggjendur námskeiða sem við ræddum við segja að helsta ástæða hækkingar námskeiðsgjalda sé að styrkir hafi lækkað og ýmis kostnaður við námskeiðshald hækkað. Margir vinnustaðir sjá sér ekki lengur fært að bjóða starfsmönnum að sækja námskeið á vinnutíma nú þegar starfsmönnum hefur fækkað og dæmi eru um að hætt hafi verið við fyrirætluð námskeið vegna kostnaðar. Sumir vinnuveitendur reyna þó enn að bjóða starfsfólki upp á námskeið eða styðja það á einhvern hátt til þess að sækja námskeið og enn sækja margir einstaklingar opin námskeið á eigin vegum.

Vegna bankahrunsins hefur framboð á íslenskunámskeiðum þótt á sama tíma aukist á öðrum vettvangi. Vegna aukins atvinnuleysis haustið 2008 hrintu Vinnumálastofnun og Félags- og tryggingamálaráðuneyti af stað verkefnum til að virkja atvinnulausa og koma í veg fyrir félagslega einangrun. Í fyrstu var lögð áhersla á ungt atvinnulaust fólk með verkefninu *Ungt fólk til athafna* og síðar var ráðist í svipað verkefni fyrir fólk sem er 30 ára og eldra (verkefnið *Þor*) (Vinnumálastofnun, e.d. a og Vinnumálastofnun, e.d. b). Samkvæmt upplýsingum á vef Félags- og tryggingamálaráðuneytis (2010) er markmiðið með þessum verkefnum að ná til allra á atvinnuleysissskrá og virkja þá til þátttöku með fjölbreyttum vinnumarkaðsúræðum. Boðið er upp á ýmiss konar námskeið, sjálfboðavinnu og annað. Sérstök námskeið eru í boði fyrir erlenda ríkisborgara og aðra þá sem ekki kunna íslensku nægilega vel til að sækja námskeið í íslensku. Erlendir ríkisborgarar sem skrá sig á atvinnuleysissskrá fara í íslenskumat hjá Vinnumálastofnun og er í kjölfarið boðið að velja á milli þeirra námskeiða sem talið er að hæfi íslenskuþekkingu þeirra. Námskeiðin á vegum Vinnumálastofnunar eru skipulögð í samræmi við þörf hverju sinni. Samið er við fræðsluaðila um eitt námskeið í senn. Þessi verkefni eru hluti af aðgerðaáætlun stjórnvalda vegna sérstakra aðstæðna í samfélaginu í kjölfar bankahruns. Þau eru því hugsuð sem tímabundin verkefni. Í fyrsta sinn býðst innflytjendum íslenskunám og fræðsla um íslenskt samfélag sér að kostnaðarlausu. Þessi námskeið eru þó einungis í boði fyrir þá sem eru atvinnulausir og eru skylda vilji fólk halda atvinnuleysisbótum.

Þrátt fyrir fjölda og mikinn fjölbreytileika námskeiða má greina svipaðar áherslur á vettvangi fræðslu fyrir innflytjendur. Í samræmi við stefnu og framkvæmdaáætlun stjórnvalda um aðlögun innflytjenda er mest áhersla á íslenskukennslu á öllum námskeiðum. Reynsla af vettvangsathugunum sýnir þó að fræðsluaðilar leggja mismikla áherslu á hversu formleg tungumálakennslan er. Rannsóknir okkar sýna að samfélagsfræðsla hefur ekki mikið

vægi þótt fjallað sé um að kenna eigi helstu grunngildi íslensks samfélags í Stefnu ríkisstjórnarinnar um aðlögun innflytjenda (Félagsmálaráðuneyti, 2007). Grunngildi íslensks samfélags eru sögð vera lýðræði, mannréttindi, samábyrgð og einstaklingsfrelsi. Þar segir: „Þessi gildi eru leiðarljós í aðlögun innflytjenda að samfélaginu og samfélagsins í þeim öru breytingum sem alþjóðavæðingunni fylgja“ (Félagsmálaráðuneyti, 2007, bls. 6). Í stefnunni segir að fræða eigi um þessi gildi samhliða íslenskukennslunni. Samkvæmt framkvæmdaáætluninni voru uppi áform um að semja námsefni um grunngildi íslensks samfélags (Þingsályktun um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda), en það hefur ekki enn verið gert. Í námskrá um grunnnám í íslensku fyrir útlendinga segir þó að nemendur skuli hafa öðlast undirstöðubekkingu í siðum og venjum í íslensku samfélagi (Menntamálaráðuneyti, 2008). Ekki er útskýrt nákvæmlega hvaða siði og venjur átt er við. Á námskeiðum sem fylgja námskrá Landnemaskólans (Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, 2006) er lögð meiri áhersla á markvissa fræðslu um íslenskt samfélag. Þar eiga nemendur að kynna réttindum sínum og skyldum og öðlast færni sem auðveldar þeim að sinna borgaralegum skyldum sínum og sækja rétt sinn. Í námskránni kemur meðal annars fram að nemendur skuli kynna réttindum sínum og skyldum á íslenskum vinnumarkaði (t.d. skilja launaseðla, skattakerfið og fleira) og helstu stofnunum samfélagsins (eins og heilbrigðisstofnunum, menntastofnunum o.s.frv.).

Rannsóknir okkar sýna að frumkvæði að fræðslu fyrir innflytjendur kom að miklu leyti til fyrir tilstilli hugsjónafólks og áhugafólks um málaflokkinn, bæði meðal innfæddra og innflytjenda. Margir þeirra hafa komið að stefnumótun stjórnvalda og þannig hefur þekking þeirra verið nýtt. Stjórnvöld hafa þó ekki skapað þeim formlegan sameiginlegan vettvang eða stofnun þar sem ólíkir aðilar geta unnið saman, deilt reynslu eða samræmt skipulag. Fræðsluaðilar þekkjast þó í mörgum tilvikum og vita hvað aðrir eru að gera. Hluti þeirra hittist á ýmsum fundum, námskeiðum og ráðstefnum og hluti íslenskukennara hittist á árlegum námskeiðum Ísbrúar sem skipulögð voru eftir að verkefnisstjórn um íslenskukennslu fyrir útlendinga lagði til að boðið yrði upp á námskeið til þess að endurmennta kennara (Menntamálaráðuneyti, 2009 b).

Fræðsla fyrir innflytjendur á Íslandi kom til þegar þörfin var orðin brýn. Fjöldi innflytjenda var orðinn þó nokkur í kringum aldamótin og þá fyrirsjáanlegt að þeim myndi halda áfram að fjölga. Það var þó ekki fyrr en árið 2010 sem vinna við löggjöf í málefnum innflytjenda varðandi réttindi og skyldur innflytjenda, aðstoð og þjónustu var hafin. Samkvæmt framkvæmdaáætluninni átti Félags- og tryggingamálaráðuneytið að vinna að henni árið 2008 (Þingskjal 1226-535). Framkvæmd fræðslu fyrir fullorðna innflytjendur samræmist stefnu stjórnvalda að hluta til. Mikil áhersla er á íslenskukennslu og vinnumarkaðinn, en réttur innflytjenda til fræðslu er ekki fyllilega tryggður. Þrátt fyrir að viðurkenna ábyrgð sína í ferli aðlögunar og mikilvægi þátttöku allra í því, taka stjórnvöld takmarkaða ábyrgð á fræðslu fyrir innflytjendur. Framtíðin er óljós hvað varðar fjárveitingar og enn er óljóst hvaða verkefni stefnunnar verða í raun og veru framkvæmd.

Af vettvangi námskeiða fyrir innflytjendur

Að halda námskeið

Eins og fram hefur komið stendur mjög fjölbreyttur hópur fólks að skipulagningu og kennslu námskeiða. Innan hópsins er fólk með ólíka menntun og starfsreynslu sem á það sameiginlegt að hafa mikinn áhuga á málefnum innflytjenda. Fáir þeirra sem við tókum viðtöl við hafa aflað sér menntunar sem kennarar íslensku sem annars tungumáls, en margir hafa þó nokkra reynslu í því og hafa sótt ýmis námskeið, auk þess sem margir eru kennarar, íslenskufræðingar eða hafa aðra sambærilega menntun. Sumir þeirra byggja á reynslu sinni sem innflytjendur og/eða sérþekkingu á erlendum tungumálum. Flestum finnst starfið mikil áskorun en jafnframt gefandi og leggja áherslu á að gefa af sér til þess

að skapa jákvætt fjölmenningsarsamfélag. Margir þeirra hafa reynslu af því að búa fjarri fæðingarlandi einhvern tíma á lífsleiðinni og hafa áhuga á ólíkum menningarheimum.

Í viðtölum við fræðsluaðila, bæði á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni, kom fram að mikil vinna fer í skipulagningu, undirbúning og umsóknir um styrki. Einnig felst mikil vinna í því að vekja athygli innflytjenda á námskeiðum, að fara á vinnustaði til að kynna námskeið og vinna með atvinnurekendum og verkalyðsfélögum. Skipuleggjendur námskeiða aðstoða fólk oft við skráningar og fleira til þess að tryggja rétt þess til að taka þátt í námskeiðum styrktum af Menntamálaráðuneytinu. Sumir vinna í málefnum innflytjenda á fleiri en einum vettvangi og í samstarfi við marga og blanda saman launaðri og ólaunaðri vinnu. Sótt er um styrki sem víðast og svo unnið úr hvernig skuli skipuleggja þegar ljóst er hvaða styrkir hafa fengist.

Í viðtölum kemur fram að skipuleggjendur telja starfsumhverfi fræðslu fyrir innflytjendur óöruggt og margir tala um erfiðleikana við það að halda í gott starfsfólk því fastráðning kemur sjaldan til greina þar sem fjárlög eru ófyrirsjáanleg frá ári til árs. Þetta er í samræmi við niðurstöður rannsóknar á ráðstöfun styrkja í íslenskukennslu (Gunnar Þór Jóhannesson og Friðrik H. Jónsson, 2008) og í samræmi við rannsóknir Birnu Arnbjörnsdóttur (2006). Verkefnisstjórn um íslenskukennslu fyrir útlendinga, á vegum Menntamálaráðuneytisins, lagði til að komið yrði til móts við þessa óánægju með því að veita styrki oftár (Menntamálaráðuneyti, 2009 b). Tíðar styrkveitingar eyða samt sem áður ekki óvissunni. Ákveðin áhætta felst einnig í því fyrir þá sem skipuleggja námskeið, að styrkur fer eftir því hve margir ljúka námskeiði og brottfall er oft mikið.

Raddir kennara

Kennarar leggja áherslu á fjölbreytilegar kennsluaðferðir og flestir eru sáttir við þær aðferðir sem þeir hafa valið og aðspurðir sýna þeir frekar lítinn áhuga á aðferðum og kennslufni annarra námskeiðshaldara. Þeir ræða oftast mest um íslenskukennsluna, hvernig að henni er staðið og hvernig hún gengur. Nýlegt námsefni sem Helga skoðaði er yfirleitt sniðið að því að kenna íslensku, þótt um leið komi fram ýmsar upplýsingar um íslenskt samfélag. Í námsefninu má sjá æfingar þar sem fylla þarf út eyðublöð eða umsóknir eða leita upplýsinga um gagnleg mál. Einnig vinna sumir með verkefni sem veita innsýn í íslenska menningu, eins og dægurtónlist eða þjóðsögur. Eins og fram hefur komið er mest áhersla lögð á beina hagnýta samfélagsfræðslu í Landnemaskólanum. Þar er til dæmis kennsla í tölvunotkun en eins og skipuleggjandi slíks námskeiðs benti á er íslenskt samfélag mjög netvætt og mikilvægt fyrir fólk að kunna að nýta sér þá þjónustu. Kennari í öðrum skóla sem rætt var við segist reyna að kenna um Ísland og íslenska menningu. Í því samhengi nefnir hún siði og venjur sem tengjast hátíðum og dögum eins og bolludegi. Fleiri kennarar nefndu slíkar hátíðir til að auðvelda nemendum sínum að skilja viðburði sem tengjast m.a. frídögum barna þeirra úr skóla. Sumir kennarar nota einnig fjölmiðla til kennslu og fræða þannig nemendur um atburði líðandi stundar um leið. Tveir kennarar nefndu að stundum hefði hefðbundin kennsla vikið um tíma vegna mikils áhuga nemenda á að fá upplýsingar um atburði í íslensku samfélagi (atburði eins og fjármálahrunið og gosið í Eyjafjallajökli). Þá hefði allur tími farið í að skoða blöð og útskýra fréttir. Um leið lærðu nemendur ýmis orð og leiðir til að leita sér upplýsinga. Þessir kennarar sögðu sveigjanleika í kennslu mikilvægan. Þeir benda á að ekki sé síður mikilvægt að innflytjendur átti sig á atburðum líðandi stundar en að þeir geti tekið þátt í samræðum, auk þess getur það valdið mikilli vanlíðan og óöryggi að skilja ekki hvað fram fer í íslensku samfélagi.

Þótt ekki sé mikil áhersla á að kenna beint um réttindi og skyldur í námsefni og námskeiðum (utan Landnemaskólans) er mjög algengt að kennarar og skipuleggjendur námskeiða lendi í hlutverki félagsráðgjafa að því leyti að þeir útskýra fyrir fólki krókaleiðir

kerfisins og hjálpa oft við að útskýra launaseðil og ýmis bréf sem berast á íslensku. Einnig tala margir kennarar um að algengt sé að fólk leiti til þeirra með vanlíðan og vandamál. Sumir kennarar hafa reynt að setja skýr mörk um hverskonar aðstoð þeir veiti og hafa beint fólki þangað sem það getur fengið aðstoð og upplýsingar. Aðrir reyna allt sem þeir geta til að aðstoða (utan vinnutíma).

Allir kennararnir sem rætt hefur verið við í þeim ólíku rannsóknum sem hér er byggt á tala um það hversu fjölbreyttum hópum þeir kenni og að það geti verið flókið að kenna stórum hópum ólíkra einstaklinga með ólíkra reynslu, þekkingu og tungumálabakgrunn. Það hefur færst í aukana að bjóða upp á námskeið fyrir hópa út frá uppruna eða móðurmáli og segja skipuleggjendur það reynast vel að hafa kennara eða aðstoðarkennara sem tali móðurmál hópsins. Þeir sem eru með námskeið fyrir fólk frá sama landi segja það reynast vel. Fólk sé oft öruggara og í frímínútum geti það deilt reynslu og þekkingu á móðurmálinu. Það sé styrkur í því. Sumir viðmælenda okkar hafa nefnt að þeir telji gagnlegt að skipta nemendum í hópa eftir fleiri þáttum eins og menntun, aldri, starfi og öðru. Fræðsluáðilar eiga þó ekki í samstarfi til þess að skipuleggja námskeið fyrir ólíka hópa. Sumir þeirra sem kenna námskeið á vegum Vinnumálastofnunar segja þá kennslu sérstaklega erfiða. Þeir segjast finna fyrir áhugaleysi en aðrir segjast oft fá einstaklinga í sérstaklega erfiðum aðstæðum á þau námskeið og það fái á kennarana. Einum kennara sem sá um óformlega þætti námskeiða á vegum Vinnumálastofnunar sagðist vera illa við það að kenna fólki sem væri tilneytt að vera þar. Hann væri ekki jafn frjálst til að gera hvað sem er þar sem hann vildi ekki þvinga neinn út í neitt. Flestir þeirra sögðust þó yfirleitt hafa áhugasama og jákvæða hópa þar sem kennslan væri ánægjuleg og afraksturinn góður.

Þrátt fyrir flókið ferli fjárhagslegrar skipulagningar námskeiða leggja skipuleggjendur og kennarar mesta áherslu á kennsluna og hvernig hún geti skilað sem mestu. Margir kennaranna sem við ræddum við eru meðvitaðir um mikilvægi þess fyrir innflytjendur að öðlast aðgang að málsamfélaginu. Sumir sem kenna í minni byggðarlögum hafa reynt að stuðla að því að nemendur öðlist þennan aðgang með því að virkja íbúa samfélagsins með í kennslunni. Það hafa þeir til dæmis gert með því að leggja verkefni fyrir nemendur sem fela í sér samskipti við afgreiðslufólk eða aðra í von um að brjóta niður þá múra sem hindra samskipti. En hvað vilja innflytjendur sjálfir helst læra og hvaða reynslu hafa þeir af því að sækja námskeið?

Að sækja námskeið

Rannsóknir sýna að mikill áhugi er meðal innflytjenda á Íslandi á að læra íslensku (Unnur Dís Skaptadóttir, 2007; Unnur Dís Skaptadóttir, 2008; Vala Jónsdóttir, Kristín Erla Harðardóttir og Ragna Benedikta Garðarsdóttir, 2009). Aðsókn í opin íslenskunámskeið og íslenskunámskeið á vegum Vinnumálastofnunar (umfram önnur námskeið) sýnir einnig að áhuginn er mikill. Margir þeirra sem hafa náð góðum tókum á íslenskunni eftir að hafa tekið námskeið tala um að það hafi auðveldað þeim þátttöku í samfélaginu. Þeir sem ekki kunnu ensku við komuna til landsins nefna oft að það að skilja ekki íslensku hafi verið eitt það erfiðasta í byrjun og margir tala um léttinn og frelsið sem fylgdi því að geta bjargað sér sjálfur án aðstoðar á íslensku.

Stór hluti þeirra talar um að þessi námskeið hafi verið gagnleg sem fyrsta skref inn í íslenskt málsamfélag. Þeir sem tala um að það sé ekki mjög mikilvægt að sækja námskeið í íslensku segja oft að þeir vilji frekar læra ensku því þeir viti ekki hve lengi þeir ætla að vera á Íslandi. Aðrir tala um að þeir hafi lært lítið á námskeiðunum, þeir hafi fljótt gleymt öllu sem þeir lærðu og/eða að þeir fái ekki næg tækifæri til að æfa íslenskuna utan skólastofunnar. Þeir sem hafa verið hér lengi segja sumir að þegar þeir tóku námskeið hafi verið of mikil áhersla á málfræði og þeir hafi ekki skilið neitt. Margir hafa komið til að vinna við fiskvinnslu, við byggingarframkvæmdir og önnur störf þar sem þeir vinna fyrst og

fremst með öðrum útlendingum. Margir þeirra tala um það í viðtölum að þeir vilji læra starfstengda íslensku á vinnutíma svo þeir skilji hvað á sér stað í vinnunni. Birna Arnbjörnsdóttir (2006) hefur sýnt að þetta er mikilvægur vettvangur náms vegna þess að það býður uppá kennsluáferðir þar sem umhverfi nýtist til beinna æfinga. Aðrir vilja meira og finnst framboð námskeiða í minni byggðarlögum mjög takmakað. Kona sem vinnur í fiski og vinnur nær eingöngu með öðrum frá sama upprunalandi lýsir því svona þegar hún er spurð um hvað hafi verið erfiðast við að flytja til Íslands:

Sv: Það var bara þetta landslag, þessi tómleiki og það að vera án tungumáls fyrst og fremst sem var erfið. Ég held að ef ég kynni tungumálið gæti ég farið í bíó. Svo eina skemmtunin var að fara að versla og aftur til baka.

Sp: En voru ekki námskeið í boði?

Sv: Jú, það voru námskeið en þar var bara fyrir byrjendur aftur og aftur. Maður lærir bara: nafn mitt er og ég bý hér. Bara orð sem ég get notað í fiskvinnslunni og hvað ég á að gera þar. En þegar ég fer út get ég ekki sagt neitt. Ég get ekki talað við fólk.

Á meðan mikla vinnu var að fá á Íslandi töluðu margir um að hafa ekki tíma til að fara á námskeið eftir langan vinnudag. Aðrir viðmælendur benda á að hópurinn hafi verið of blandaður, bæði vel menntað og næstum ólæst fólk af ólíkum þjóðernum hafi verið með þeim á námskeiði. Ungir menn á íslenskunámskeiði á vegum Vinnuálastofnunar sögðu að þeir notuðu aldrei það sem þeir lærðu þar í daglegu lífi. Þeir töluðu móturmál sitt eða ensku heima fyrir, í vinnu og með vinunum. Með glotti sagðist einn mest nota setninguna: „tvo poka“ í daglegum samskiptum (og átti þá við orðafá samskipti við afgreiðslufólk í búðum). Þessi umræða særði þó aðra á sama námskeiði sem ekki voru sammála. Þeir lögðu metnað í íslenskunámið, sögðu mikilvægt að læra málið vel og sögðust leggja sig fram við að reyna að nota íslensku í daglegu lífi sínu.

Þeir sem fá tækifæri til að æfa það sem þeir hafa lært á námskeiði í samskiptum við íslenskumælandi fólk eru ánægðari með árangur sinn og eru meiri þátttakendur í samfélaginu. Margir benda á ættingja eða vini sem kunni góða íslensku því þau séu svo heppin að vinna með Íslendingum eða hafa tækifæri til að umgangast þá á öðrum vettvangi (eins og í tómstundastarfi eða í gegnum maka). Til dæmis talar kona um það að hún hafi farið á eitt íslenskunámskeið en hún hafi verið heppin að vera eini útlendingurinn í vinnunni (á spítala) og þannig hafi hún lært að tala íslensku. Önnur kona sem hefur farið á þrjú íslenskunámskeið talar um að það hafi ekki verið fyrr en hún fór að vinna á leikskóla sem íslenskan fór að koma hjá henni. Hún hafði tekið þrjú íslenskunámskeið á meðan hún var að vinna á hóteli fyrstu árin en þá hafði hún einungis samskipti við aðra útlendinga. Hún sóttist sérstaklega eftir því að vinna á leikskóla til að tala íslensku og æfa sig. Ungur fjölskyldumaður sem tekur þátt í íþróttæfingum með íslenskum vinnufélögum tvisvar í viku hefur getað notað og byggt ofan á það sem hann lærði á íslenskunámskeiðum. Kona hans sem hefur farið á mörg námskeið en á ekki kost á samskiptum við íslenskumælandi fólk treysti sér ekki til að tala íslensku. Ung kona sem vinnur með fólki sem talar hennar móturmál segist eiga mjög erfið með að ná tókum á íslenskunni. Hún skammast sín fyrir lélega færni í íslensku miðað við fjölda námskeiða sem hún hefur tekið og þann tíma sem hún hefur dvalið á landinu. Hún sagði vanda sinn liggja í því að henni tækist ekki að tengjast Íslendingum þrátt fyrir að hafa reynt það með því að taka þátt í ýmsu félagsstarfi.

Nokkrir miðaldra einstaklingar tala um að þeir treysti sér ekki á námskeið og að setjast á skólabeck eftir marga áratugi og finnst þeir vera orðnir of gamlir til að læra nýtt tungumál. Í nýlegu viðtali þar sem miðaldra kona (sem búíð hefur hér lengi) var spurð um það hvaða

námskeið hefði gagnast henni best svaraði hún því að það hefði ekki verið íslenskunámskeið heldur matreiðslunámskeið sem haldið var í heimabæ hennar. Þar hitti hún fólk og lærði íslensku í þeim samskiptum og einnig kynntist hún íslenskri matarmenningu. Þar sem hún kunni ensku þegar hún kom til landsins dugði hún ágætlega fyrst um sinn og hún fann því ekki fyrir miklum þrýstingi til að læra íslensku.

Það er áberandi hvað möguleiki til samskipta og þátttöku og aðgangur að málsamfélaginu er stór þáttur í tungumálanámi þeirra sem við tókum viðtöl við. Einnig er áhugavert að margir hafa áhuga á annarskonar námskeiðum en íslenskunámskeiðum. Nokkrir viðmælenda töluðu um að kostnaður hefði áhrif á þátttöku og aðspurðir segja þeir ókeypis íslenskunámskeið eftirsóknarverð. Þeir sem sótt hafa Landnemaskólann segja að slíkt námskeið hefði nýst vel ef það hefði verið tekið rétt eftir komu til landsins. Þá hefði komið sér vel að vita hvert skuli sækja heilbrigðisþjónustu og fleira.

Umræða og niðurlag

Hér hefur fræðsla fyrir fullorðna innflytjendur á Íslandi verið skoðuð sem þáttur samþættingarferlis. Með aðlögun sem byggir á hugmyndum um samþættingu er gert ráð fyrir að ekki sé nóg að innflytjendur lagi sig að nýju umhverfi heldur þurfi móttaka líka að eiga sér stað. Í raun þarf allt samfélagið að laga sig að nýjum aðstæðum. Með því að bjóða upp á fræðslu og námskeið er leitast við að koma til móts við hinn nýja fjölbreytileika. Skoðaðar hafa verið ólíkar hliðar fræðslu fyrir fullorðna innflytjendur með það að markmiði að gefa heildræna sýn á þennan þátt samþættingarferlisins. Segja má að seint og ómarkvisst hafi verið brugðist við þörf á námskeiðum í kjölfar aukins fjölda útlendinga á Íslandi. Margir ólíkir aðilar og stofnanir hafa komið að því að mæta þörfum þessara nýju íbúa fyrir íslenskunám og aðra fræðslu. Mest áhersla hefur verið á að kenna fólki íslensku og áhersla hefur verið á þarfir vinnumarkaðarins, t. d. með framboði starfstengds íslenskunáms. Í stefnu stjórnvalda um aðlögun innflytjenda segir að samfélagsfræðsla eigi að vera hluti af íslenskunámskeiðum fyrir innflytjendur. Ekki er þó jafnmikil áhersla á þá fræðslu og á íslenskukennsluna, bæði í stefnunni og í námskeiðum á heildina litið. Fræðslu um íslenskt samfélag er þó að einhverju leyti fléttað inn í íslenskukennslu og kennarar námskeiða eru oft í stöðu ráðgjafa og vinar og leiðbeina nemendum um ýmislegt í nýju samfélagi. Lítið sem ekkert framboð er á starfstengdu námi, endurmenntun eða tólmstundanámi fyrir fullorðna innflytjendur sem ekki tala næga íslensku.

Ólíkar stefnur ríkja í innflytjendamálum hafa áhrif á möguleika innflytjenda til þátttöku. Í Þýskalandi og víðar einangruðust stórir hópar sem fluttu þangað sem verkamenn þar sem ekki var lítið á þá sem hluta af samfélaginu. Velta má fyrir sér hvort hin hraða fjölgun innflytjenda hér, þar sem stór hluti kom til að vinna, sé að einhverju leyti skýring á því hve lítið stjórnvöld hafa komið til móts við þessa nýju íbúa. Hugsanlega var lítið á fólk sem flutti hingað sem tímabundið vinnuafli, líkt og gert var í Evrópu á árum áður, og því gengið út frá því að þeir stoppuðu stutt. Þó svo að ekki hafi verið talað um gestaverkamenn á Íslandi er algengt að tala um fólkið sem hingað hefur komið sem vinnuafli og sú staðreynd að skipulag námskeiða hefur verið ómarkvisst og tilvera þeirra háð tímabundnum styrkveitingum yfir undir þessa sýn. Umræða um innflytjendur í Evrópu sem vandamál hefur haft áhrif á hugmyndir um veru innflytjenda á Íslandi. Mikilvægt er að líta ekki fram hjá sögulegum þáttum og ólíkum stefnum þjóðríkja í innflytjendamálum þegar staða þessara mála er skoðuð.

Með því að tryggja réttindi innflytjenda og veita þeim góð tæki til þess að fóta sig í samfélaginu eru meiri líkur á því að þeir verði virkir þátttakendur. Íslenska ríkið hefur sett fram kröfur um að fólk tileinki sér þekkingu vilji það öðlast ákveðin réttindi hér. Á sama tíma er framboð námskeiða tilviljanakennt og engu lofað um fjármagn til þeirra til lengri tíma. Hið mikla og fjölbreytta framboð hefur fyrst og fremst orðið til vegna frumkvæðis áhugasamra

aðila sem komið hafa að mótun fræðslunnar. Skipuleggjendur og kennarar í fullorðinsfræðslu fyrir innflytjendur koma úr ólíkum áttum (bæði faglega og frá ýmsum heims-hornum). Sumir hafa meiri áhuga á íslensku og íslenskukennslu en aðrir starfa á þessum vettvangi vegna áhuga á farsælu fjölmenningsarsamfélagi. Þeir sem sækja námskeiðin eru einnig fjölbreyttur hópur en allir hafa áhuga á að fóta sig betur í íslensku samfélagi. Langflestir vilja læra íslensku og margir sækjast eftir starfstengdu íslenskunámi. Örfáir telja þó ensku nægja og sækjast frekar eftir að bæta sig í henni. Margar ástæður geta legið að baki þeirrar skoðunar en þetta viðhorf er algengast hjá þeim sem eru atvinnu-lausir og óruggir um framtíð sína hér. Aðgengi að námskeiðum til þess að kynnast samfélagi og tungumáli betur er mikilvægt fyrir aðlögunarferlið. Í því ljósi er það umhugs-unarefni að þeir sem hafa atvinnu þurfi að greiða fyrir námskeið, meðan þeir sem eru atvinnulausir og óruggir með framtíð sína á Íslandi þurfa ekki að greiða þátttökugjald.

Ljóst er að aðgengi að málsamfélaginu er ekki síður mikilvægt en aðgengi að fræðslu-möguleikum. Margir þeirra sem eru áhugasamir um að læra málið segja að þá skorti tækifæri til að nýta og æfa íslenskuna. Jákvætt viðhorf einstaklinga til samfélagsins og stöðu sinnar innan þess skapar vilja til þess að samsama sig og gerast virkur þátttakandi (Birna Arnbjörnsdóttir, 2007). Þessi vilji og áhugi er auk þess mjög tengdur ríkjandi hug-myndum í samfélaginu um fjölbreytileika. Mæta innflytjendur viðhorfum sem leiða til þess að þeir telji sig mögulega geta átt aðild að samfélaginu? Það er oft ekki fyrir en þeim hefur gefist tækifæri til að nota íslenskuna í vinnu eða félagsstarfi að þeir ná tökum á tungumál-inu. Í ljósi þessa má velja fyrir sér hvort það að halda námskeið í íslensku nægi eitt og sér til að veita fólki aðild að samfélaginu eða hvort meira þurfi að koma til. Einangrun og útilokun margra hópa í Evrópu beinist ekki síður gegn þeim sem tala viðkomandi tungu-mál og er því auðséð að það er einungis einn þeirra þátta sem taka þarf tillit til.

Hópurinn sem sækir námskeið er mjög fjölbreyttur, með mjög ólíkan bakgrunn og ólíkar væntingar. Fjölbreytileiki námskeiða í boði kemur til móts við þann veruleika. Einnig er áhugavert að líta til þess að auk þeirra námskeiða sem hafa verið rædd í þessari grein hafa verið farnar óhefðbundnari leiðir til þess að nálgast innflytjendur og gefa þeim mögu-leika á að gerast þátttakendur í samfélaginu. Í Borgarbókasafni er boðið upp á fjölskyldu-morgna þar sem fólk hittist einu sinni í mánuði, deilir reynslu og fræðist um ýmislegt sem gagnast þeim sem ala upp börn sín á Íslandi. Einnig hittast konur (erlendar og íslenskar) á Borgarbókasafninu í *Söguhring kvenna*, þar sem þær fá tækifæri til þess að tala ís-lensku, deila sögum, reynslu og þekkingu og hafa gaman. Á þessum vettvangi er reynt að auðvelda fólki aðgengi að málsamfélaginu með því að skapa tækifæri til samskipta og þátttöku án þess þó að það sé í formi námskeiðs.

Mikið starf hefur verið byggt upp á síðari árum sem tryggir fjölbreytileika í námskeiðum sem koma til móts við fjölbreytilegan hóp innflytjenda en mikilvægt er að líta einungis á þessa vinnu sem upphaf að því að halda áfram að mótun stefnu sem gerir innflytjendum kleift að fá aðild að íslensku samfélagi. Eins og fram hefur komið hafa fjölmargir sýnt frumkvæði og sótt um styrki til að halda námskeið. Það er ástæða þess að framboð er fjölbreytt og nokkuð mikið á fjölbýlli stöðum landsins. Samt sem áður vekur það upp spurningar um ábyrgð og rétt innflytjenda til fræðslu ef framboð námskeiða veltur á frum-kvæði kennara og fræðsluaðila. Hvert geta innflytjendur sótt rétt sinn ef nám við hæfi er ekki í boði? Ef fylgja á þeim vilja sem kemur fram í stefnu stjórnvalda um jafna möguleika allra til að vera virkir þátttakendur í samfélaginu er mikilvægt að tryggt sé að fræðsla sé í boði. Ekki má gleyma að um framtíð íslensks samfélags er að ræða og innflytjendur margir hverjir eru ungir og eiga ef til vill eftir að lifa stóran hluta lífs síns á Íslandi.

Heimildir

- Ager, A. og Strang, A. (2008). Understanding integration: A conceptual framework. *Journal of Refugee Studies*, 21(2), 166–191.
- Angela Merkel: German multiculturalism has 'utterly failed'. (2010, 17. október). *The Guardian*. Sótt 18. október 2010 af <http://www.guardian.co.uk/world/2010/oct/17/angela-merkel-german-multiculturalism-failed>
- Baumann, G. (1999). *The multicultural riddle. Rethinking national, ethnic and religious identities*. New York: Routledge.
- Birna Arnbjörnsdóttir. (2006). The HP Grandi experiment: A workplace language program. Í K.M. Frederiksen, K. S. Jakobsen, M. S. Pedersen og K. Risager (ritstjórar), *Second languages at work* (bls. 36–65). Roskilde: IRIS Publications.
- Birna Arnbjörnsdóttir. (2007). Samfélag málnotenda: Íslendingar, innflytjendur og íslenskan. *Ritið*, 7(1), 63–83.
- Birna Arnbjörnsdóttir. (2009). Skólar og fjölskyldur sem málsamfélög. Í Elsa S. Jónsdóttir og Hanna Ragnarsdóttir (ritstjórar), *Fjölmennung og skólastarf* (bls. 315–339). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Borevi, K. (2010). Dimensions of citizenship. European integration policies from a Scandinavian perspective. Í B. Bengtsson, P. Strömblad og A. H. Bay (ritstjórar), *Diversity, inclusion and citizenship in Scandinavia* (bls. 19–46). Newcastle: Cambridge Scholars Publishing.
- Castles, S. (2002). Migration and community formation under conditions of globalization. *International Migration Review*, 36(4), 1143–1168.
- Creuz-Kämpfi, K. (2008). The othering of Islam in a European context; polarizing discourses in Swedish-language dailies in Finland. *Nordicom Review*, 29 (2): 295–308.
- Eriksen, T. H. (2007). Complexity in social and cultural integration: Some analytical dimensions. *Ethnic and Racial Studies*, 30(6), 1055–1069.
- Ewing, K. P. (2008). Between cinema and social work: Diasporic Turkish women and the (dis)plesures of hybridity. Í J. X. Inda og R. Rosaldo (ritstjórar), *Anthropology of globalization*, (2. útgáfa, bls. 184–212). Malden: Blackwell Publishing.
- Fekete, L. (2006). Enlightened fundamentalism? Immigration, feminism and the right. *Race & Class* 48(2), 1–22.
- Félagsmálaráðuneyti. (2007). *Stefna ríkisstjórnarinnar um aðlögun innflytjenda*. Sótt 1. nóvember 2010 af <http://www.felagsmalaraduneyti.is/malaflokkar/innflytjendur/adlogun/nr/3299>
- Félags- og tryggingamálaráðuneyti. (2010). *Þor- átak gegn langtímaatvinnuleysi*. Sótt 2. október 2010 af <http://www.felagsmalaraduneyti.is/frettir/frettatilkynningar/nr/5101>
- Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. (2006). *Landnemaskóli: námsskrá*. Sótt 20. september 2010 af http://www.frae.is/files/LandnemaskBlatt_1982387573.pdf
- Fjölmenningarsetur. (e.d.). *Íslenskunám / íslenskukennsla*. Sótt 12. október 2010 af <http://www.mcc.is/islenska/laera-islensku>

Fortier, A. M. (2007). Too close for comfort: Loving thy neighbour and the management of multicultural intimacies. *Environment and Planning D: Society and Space* 25, 104–119.

Gunnar Þór Jóhannesson og Friðrik H. Jónsson. (2008). *Könnun á ráðstöfun styrkja til íslenskukennslu fyrir útlendinga. Unnið fyrir verkefnisstjórn Menntamálaráðuneytis um íslenskukennslu fyrir útlendinga*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun.

Grillo, R. (2007). An excess of alterity? Debating difference in a multicultural society. *Ethnic and Racial Studies* 30(6), 979–998.

Gross, J., McMurray, D. og Swedenburg, T. (2004). Arab noise and Ramadan nights: Rai, rap, and Franco-Maghrebi identities. Í J. X. Inda og R. Rosaldo (ritstjórar), *Anthropology of globalization; a reader* (2. útgáfa, bls. 198–230). Oxford: Blackwell Publishing.

Hagstofa Íslands. (2010, 7. desember). *Innflytjendur og erlendu bakrunnur 1. janúar 2010*. Sótt 10. desember 2010 af <http://hagstofa.is/Pages/95?NewsID=5032>

Hanna Ragnarsdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir (ritstjórar). (2010). *Fjölmennung og skólustarf*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Hammersley M. og P. Atkinson (2007). *Ethnography. Principles in practice* (3. útgáfa). London: Routledge.

Íris Björg Kristjánsdóttir. (2010). *Lög um útlendinga á Íslandi. Mannfræðirýni á lagaumhverfi innflytjenda á Íslandi frá 1920–2009*. Óbirt MA ritgerð: Háskóli Íslands, Félags- og mannvísindadeild. Sótt 2. október 2010 af <http://hdl.handle.net/1946/4448>

Joppke, C. (2007). Beyond national models: Civic integration policies for immigrants in Western Europe. *West European Politics*, 30(1), 1–22.

Kristín Erla Harðardóttir, Kristín Loftsdóttir og Unnur Dís Skaptadóttir. (2007). Innflytjendur: viðurkenning og virðing í íslensku samhengi. Í Gunnar Þór Jóhannesson (ritstjóri) *Rannsóknir í félagsvísindum VIII* (bls. 449–459). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Kvisto, P. og Faist, T. (2010). *Beyond a border. The causes and consequences of contemporary immigration*. Los Angeles: Pine Forge Press.

Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar. (2009). *Horft til framtíðar, stefnumótun og aðgerðaáætlun í málefnum innflytjenda 2009–2012*. Sótt 29. september 2010 af http://www.rvk.is/desktopdefault.aspx/tabid-3801/2281_read-14517/2281_page-24/

Menntamálaráðuneyti. (e.d.). *Styrkir til að halda námskeið í íslensku*. Sótt 2. október 2010 af <http://www.menntamalaraduneyti.is/sjodir-og-eydublod/framhaldsskolar/nr/3856>

Menntamálaráðuneyti. (2008). *Námsskrá, íslenska fyrir útlendinga – grunnám*. Sótt 12. september 2010 af bella.mrn.stjr.is/utgafur/namskra_islenska_fyrir_utlendinga.pdf

Menntamálaráðuneyti. (2009a). *Reglur um úthlutun styrkja til íslenskukennslu fyrir útlendinga vorið 2010*. Sótt 2. október 2010 af <http://www.menntamalaraduneyti.is/sjodir-og-eydublod/framhaldsskolar/nr/3856>

Menntamálaráðuneyti. (2009b). *Íslenska með hreim er líka íslenska. Greinagerð verkefnisstjórnar um íslenskukennslu fyrir útlendinga*. Sótt 12. september 2010 af <http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/Frettatilkynningar/nr/3775>

Unnur Dís Skaptadóttir. (2004). Fjölmennning á ferð og flugi. Í Friðrik H. Jónsson (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum V* (bls. 585–592). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Unnur Dís Skaptadóttir. (2007). Ólíkar raddir: Afstaða innflytjenda til íslensks máls. *Ritið*, 7(1), 47–63.

Unnur Dís Skaptadóttir. (2008). Að læra íslensku í fjölmennningarlegu samfélagi. *Hrafnaping*, 5, 55–68.

Unnur Dís Skaptadóttir og Wojtynska, A. (2008). Labour migrants negotiating places and engagements. Í J. O. Bærenholdt og B. Granås (ritstjórar), *Mobility and place. Enacting Northern European periphery* (bls. 115–126). Aldershot: Ashgate.

Unnur Dís Skaptadóttir og Kristín Loftsdóttir. (2009). Cultivating culture? Images of Iceland, globalization and multicultural society. Í Sverrir Jakobsson (ritstjóri), *Images of the north: Histories – identities – ideas. Amsterdam studies on cultural identity* (bls. 205–216). Amsterdam: Rodopi.

Unnur Dís Skaptadóttir (2010). Alþjóðlegir fólksflutningar á tímum efnahagslegs samdráttar. Í Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstjórar), *Þjóðarspeggill. Rannsóknir í félagsvísindum XI* (bls. 314–322). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Vala Jónsdóttir, Kristín Erla Harðardóttir og Ragna Benedikta Garðarsdóttir. (2009). *Innflytjendur á Íslandi. Viðhorfskönnun*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Vermeulen, H. (2010). Segmented assimilation and cross-national comparative research on the integration of immigrants and their children. *Ethnic and racial studies*, 33(7), 1214–1230.

Vinnumálastofnun. (e.d. a). *Ungt fólk til athafna – fyrir unga fólkid og framtíðina!* Sótt 2. október 2010 af <http://www.vinnumalastofnun.is/ungtfolk/forsida/>

Vinnumálastofnun (e.d. b). *Þor; þekking og reynsla*. Sótt 2. október 2010 af <http://www.vinnumalastofnun.is/ataksverkefni/thor--thekking-og-reynsla/>

Þingskjal 1226-535. (e.d.). *Þingsályktun um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda*. Sótt 24. september 2010 af <http://www.felagsmalaraduneyti.is/malaflokkar/innflytjendur/adlogun/>



Unnur Dís Skaptadóttir og Helga Ólafsdóttir. (2010). Komið til móts við fjölbreytileika: Fullorðinsfræðsla fyrir innflytjendur og samþætting. *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2010*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af <http://netla.khi.is/menntakvika2010/024.pdf>